

## AUGLÝSING

### um nýtt og breytt deiliskipulag í Reykjavíkurborg.

#### *Laugavegur sem göngugata.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti borgarstjórn Reykjavíkur, þann 18. febrúar 2020, nýtt deiliskipulag fyrir Laugavegin sem göngugötu, 1. áfanga, sem er í samræmi við samþykkt borgarstjórnar Reykjavíkur frá 4. september 2018. Í tillögunni felst að hluti Laugavegs, Skólavörðustígs og Vegamótastígs verði gerðir að varanlegum göngugötum og samhliða því er unnið að hönnun ýmissa lausna til að bæta götuna og umhverfið. Gert er ráð fyrir að endurnýja allt yfirborð, gróður, götugögn og lýsingu. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Skipulagið öðlast þegar gildi.

#### *Hlemmur, reitur 1.240.0.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti borgarráð Reykjavíkur, þann 19. mars 2020, tillögu að nýju deiliskipulagi fyrir reit 1.240.0, Hlemmur. Skipulagið felur í sér endurskipulagningu svæðisins fyrir forgangsakreinar hágæða almenningssamgangna, ný gatnamót við Snorrabraut/Bríetartún, nýtt torg og göngugötu, afmörkun byggingarreits fyrir flutningshúsið Norðurpól og ný, létt mannvirki fyrir verslun og þjónustu og ný, afmörkun deiliskipulagsreita á svæðinu. Tillagan hefur hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Skipulagið öðlast þegar gildi.

#### *Reitur 1.240.0, Snorrabraut – Hlemmur.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, þann 7. febrúar 2020, nýtt deiliskipulag fyrir reit 1.240.0, Snorrabraut – Hlemmur. Götu-reiturinn afmarkast af Hverfisgötu, Hlemmi, Laugavegi og Snorrabraut. Vegna tillögu að nýju deiliskipulagi fyrir Hlemm og nágrenni – umferðarskipulag og stækkun, er gerð tillaga að afmörkun nýs deiliskipulags fyrir Snorrabraut – Hlemm. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Skipulagið öðlast þegar gildi.

#### *Skólavörðuholt.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, þann 20. mars 2020, breytingu á deiliskipulagi Skólavörðuholts. Í breytingunni felst að fjórum núverandi bílastæðum við austurenda Hallgrímskirkju verður breytt í grenndarstöð. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

#### *Tryggvagata.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, þann 20. mars 2020, breytingu á deiliskipulagi Kvosarinnar vegna svæðis sem nær eftir Tryggvagötu frá gatnamótum Grófarinnar í vestri að Pósthússtræti í austri og lóðar Tollhússins. Í breytingunni felst að lóðarmörkum Tollhússins eins og þau eru sýnd á lóðarblaði frá 4. júní 1993 er breytt. Á svæðinu sem breytingin nær til verða heimil 3 bílastæði fyrir hreyfihamlaða og 1 þjónustustopp fyrir rekstraraðila í Tryggvagötu. 7 bílastæði eru á lóð Tollhússins. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

#### *Vogabyggð, svæði 1, Kleppsmýrarvegur.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, þann 20. mars 2020, breytingu á deiliskipulagi Vogabyggðar, svæði 1 vegna afmörkunar

nýrrar lóðar fyrir smáhýsi við Kleppsmýrarveg. Velferðarsvið Reykjavíkurborgar leitast eftir að koma fyrir smáhýsum á völdum stöðum í borginni sem búsetuúrræði fyrir skjólstæðinga sína. Í breytingunni felst að koma fyrir allt að 3 smáhýsum á nýrri lóð. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Skildingatangi 2.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, þann 13. mars 2020, breytingu á deiliskipulagi Skildinganess vegna lóðarinnar nr. 2 við Skildingatanga. Í breytingunni felst að byggingarreitur er stækkaður til vesturs sem nemur 5 metrum á 10 metra kafla. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, 7. apríl 2020.*

**Björn Axelsson.**

---

B-deild – Útgáfud.: 7. apríl 2020